

Alþingi
Erindi nr. P 131/177
komudagur 24.11.2004



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis,
v/sjávarútvegsnefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. nóvember 2004.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands með síðari breytingum. Þskj. 217 - 215. mál.

Við er til bréfs sjávarútvegsnefndar þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands með síðari breytingum. Þskj. 217 - 215. mál.

Við fögnum framlagningu þessa frumvarps og leggjum eindregið til að það verði samþykkt, en hér er um mikið réttlætismál að ræða eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu.

Við förum þess jafnframt á leit við sjávarútvegsnefnd að viðurlagaákvæði þeirra laga sem hér um ræðir verði endurskoðuð í heild sinni með það fyrir augum að gera þau réttlátari en nú er. Í lögnum eru afar ósanngjörn ákvæði m.a. um veiðileyfasviptingar og upptöku á veiðarfærum skips. Í mörgum tilvikum þar sem um smávægilegar yfirsjónir, sem stafa af gáleysi, er að ræða væri eðlilegt að beita áminningum áður en til annarra ráðstafana er gripið. Hvað veiðileyfasviptinguna varðar má nefna að við fyrsta brot eru ákvæði um að skip skuli svipt veiðileyfi í eigi skemmri tíma en tvær vikur og eigi skemmri tíma en sex vikur ef um ítrekun er að ræða. Hér skiptir engu máli þó um smávægileg tilvik sem stafa af gáleysi sé að ræða en afleiðingarnar geta verið afar viðurlutamiklar og í engu samræmi við tilefnið. Í því sambandi má nefna að ef loðnuskip er svipt veiðileyfi í sex vikur á há loðnuvertíð hefur það gríðarlegt tjón í för með sér fyrir áhöfn og útgerð. Hvað upptöku veiðarfæra varðar getur orðið um afar háar fjárhæðir að ræða, en sem dæmi má nefna að verðmæti nýrra veiðarfæra geta numið yfir 50 milljónum króna.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri